



Reykjavík, 26. mars 2024

Efni: Tillaga til þingsályktunar um mótun stefnu Íslands um málefni hafsins. Þingskjal 695 – 560 mál.

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS eða samtökin) hafa tekið til umsagnar þingsályktun um mótun stefnu Íslands um málefni hafsins. Þingsályktunin felur í sér tillögu um að setja á fót starfshóp sem mótar stefnu Íslands varðandi málefni hafsins, með áherslu á framsækni í loftslagsmálum, verndun og sjálfbæra nýtingu líffræðilegs fjölbreytileika sjávar.

Samtökin telja ekki rétt að stofna slíkan starfshóp að svo stöddu, þó ekki sé útilokað að slíkt geti orðið í framtíðinni. Mikilvægt er að undirstrika að þegar hefur verið unnið talsvert í þessum málaflokki á Íslandi. Það er brýnt að styðjast við þá vinnu og þekkingu sem fyrir liggur, og nýta núverandi kerfi og stjórnsýslu frekar en að búa til nýja starfshópa.

Hér má nefna að markvisst hefur verið unnið að því að efla vistkerfisnálgun við stjórnun fiskveiða á Íslandi. Vaxandi áhersla er lögð á rannsóknir og þróun aðferða á þessu sviði og veiðiráðgjöf sem tekur tillit til ýmissa samverkandi þátta í vistkerfinu. Þá verður að athuga að mörg atriði í núverandi stjórn fiskveiða taka tillit til vistkerfisnálgunar. Hér má til dæmis nefna góða umgengni um vistkerfi, takmörkun á sóknargetu, svæðalokanir, samspil stofna og tegunda, varúðarnálgun, lagaákvæði sem koma í veg fyrir ólöglegar og stjórnlausar veiðar o.s.frv.

Hafrannsóknastofnun gegnir lykilhlutverki í rannsóknum og ráðgjöf um verndun og sjálfbæra nýtingu haf- og vatnaauðlinda. Veiðiráðgjöf Hafrannsóknastofnunar byggir á alþjóðasamningum um sjálfbærni og nýtingu náttúruauðlinda. Ráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar er byggð á á vistkerfisnálgun innan varúðarnálgunar við stjórn fiskveiða. Sú varúðarnálgun sem Hafrannsóknastofnun notar við ráðgjöf er byggð á grunni Alþjóða hafrannsóknarráðsins. Árið 2021 gaf Hafrannsóknastofnun út skýrslu sem gefur yfirlit yfir stöðu vistkerfa Íslandsmiða og hóf einnig vinnu við að móta framtíðarsýn til ársins 2026.

BioProtect verkefnið, sem leitt er af Hafrannsóknastofnun og Matís, gengur út á að þróa aðferðafræði og tæknilegar lausnir til að auðvelda ákvarðanatöku um auðlindanýtingu og verndun hafsvæða. Þar taka 18 fyrirtæki og stofnanir víðsvegar í Evrópu þátt og með þessu verkefni er búið að tryggja 320 milljón króna alþjóðlega fjármögnun inn í íslenskt samfélag á komandi árum.

Marine Sabres verkefnið er 4ra ára Evrópuverkefni styrkt af Evrópusambandinu og Hafrannsóknastofnun er einn samstarfsaðili. Verkefnið gengur út á að sameina hagaðila, náttúrufræðinga, hagfræðinga, félags- og hugvísindafólk og ferðamálafræðinga, til að

vinna saman að endurheimt líffræðilegs fjölbreytileika sjávar, styðja við sjálfbært blátt hagkerfi og gera stjórnun vistkerfa hafs meira aðgengilegt og framkvæmanlegt. Þar er verið að styrkja tengsl ríkja og samvinnu upp á samræmingu aðgerða.

Að lokum er rétt að íhuga vel framhaldið og möguleikana sem liggja í alþjóðamálum sem tengjast hafinu, en á þeirri grunnforsendu sem hefur verið stefna íslenskra stjórnvalda að hafið er uppspretta fæðu og heilbriggt vistkerfi þar sem líffræðilegri fjölbreytni er viðhaldið. Ísland hefur einstaka stöðu á alþjóðavettvangi verandi eyþjóð með ábyrga og sjálfbæra fiskveiðistjórnun. Því er brýnt að Ísland nýti sér þá stöðu til að vera leiðandi í umræðu um málefni hafsins á alþjóðavettvangi, þar sem ábyrgð, hagkvæmni og skynsemi eru höfð að leiðarljósi.

Ísland hefur átt frumkvæði og aðkomu að málefnum hafsins á alþjóðavettvangi í áratugi, m.a. mótun svæðisbundinnar fiskveiðistjórnunar, samningu leiðbeiningareglna á vettvangi FAO ásamt þátttöku í alþjóðlegum verkefnum er snúa að verndun og nýtingu auðlinda hafsins og ljóst er að enn eru tækifæri til mikilla framfara og sterkari áhrifa á þessum vettvangi. Hins vegar ber að hafa í huga að ef Ísland er ekki nógu virkur þátttakandi í mótun alþjóðlegra sjónarmiða er varða málefni hafsins getur þróunin hæglega gengið gegn hagsmunum þjóðar sem byggir afkomu sína á nýtingu lifandi auðlinda hafsins. Áratuga reynsla hefur sýnt að það er mikilvægt að Ísland sé virkur aðili í alþjóðlegri umræðu og ákvörðunum er varða verndun og nýtingu á lifandi auðlindum hafsins.

* * *

Að mati samtakanna er ekki tímabært að hefja stofnun starfshóps um mótun stefnu Íslands um málefni hafsins á þessu stigi. Slíkt skref ætti að taka með hliðsjón af núverandi vinnu og árangri í þessum málaflokki, og í stað þess að búa til nýja starfshópa er skynsamlegra að nýta og styrkja þá vinnu sem þegar er í gangi. Það er mikilvægt að haldið sé áfram að byggja á þekkingu og reynslu sem nú þegar liggur fyrir, og að samhæfing og sterkt fyrirvar Íslands á alþjóðavettvangi séu í forgangi.

Samtökin áskilja sér jafnframt rétt til að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum.

Virðingarfyllt,

f.h. SFS

